

Forsætisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis**
Sendandi: **Forsætisráðuneyti**
Dagsetning: **25.04.2012**
Málsnúmer: **FOR12030081**
Bréfalykill: **0.1.7**

Efni: **Áætlaður kostnaður vegna ráðuneytabreytinga**

Fyrir liggur að markmið með áætluðum breytingum á Stjórnarráði Íslands í ár er ekki fjárhagslegur sparnaður til skamms tíma, þótt rekstrarkostnaður Stjórnarráðsins muni minnka eitthvað þegar frá líður vegna breytinganna. Markmiðið er að nýta betur þann mannauð sem fyrir er í ráðuneytunum og gera Stjórnarráðið öflugra og skilvirkara, skýra verkaskiptingu milli ráðuneyta og forðast tvíverknað. Þá er markmiðið einnig að efla stjórnsýslu á sviðið efnahagsmála, atvinnulífs og auðlindamála.

Kostnaður við húsnæðismál

Beinn kostnaður vegna breytinga á ráðuneytum varðar að mestu húsnæði þeirra. Sá kostnaður er einskiptis kostnaður en gert er ráð fyrir að til lengri tíma muni hann lækka þar sem ráðuneytin verða eftir breytingar á þremur stöðum í stað fimm, með færri stöðeiningum, svo sem móttökum ofl.

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur lagt fram tillögur til umræðu um breytingar á húsnæðismálum Stjórnarráðsins við sameiningu ráðuneyta. Tillögurnar eru dagsettar 2. apríl 2012.

Forsendur eru eftirfarandi:

Sjávarútvegs – og landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti verði sameinuð og u.þ.b. helmingur af starfsemi efnahags- og viðskiptaráðuneytisins og fari í nýtt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Þá mun um helmingur af efnahags- og viðskiptaráðuneyti sameinast fjármálaráðuneytinu. Nýtt nafn ráðuneytisins verður fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Nafni umhverfisráðuneytis verði breytt í umhverfis – og auðlindaráðuneyti og þangað færð aukin verkefni.

Framkvæmdasýslan hefur í umræddum tillögum sínum, í samráði við forsætisráðuneytið, skoðað ýmsar lausnir varðandi húsnæði fyrir ráðuneytin og lagt mat á samtals 9 mögulegar leiðir til útfærslu. Fjórar tengjast húsnæði að Skúlagötu 4, tvær í Arnarhvoli og þrjár samspili milli Skuggasunds 1 og Skuggasunds 3 og austuhliðar 3. hæðar í Arnarhvoli. Vakin er athygli nefndarinnar á því að á þessu stigi hafa framangreindar tillögur ekki verið ræddar við stjórnendur hlutaðeigandi ráðuneyta.

Þá hefur Framkvæmdasýslan unnið gróft kostnaðarviðmið fyrir forsætisráðuneytið sem byggir m.a. á þekktum meðaltalstölum um kostnað á fermetra í sambærilegu húsnæði, reynslutölum vegna þjónustu- ásamt óvissupáttum sem tengjast verkframkvæmdum. Þar sem því er viðkomið hefur þó verið stuðst við mældar magntölur af teikningum og einingarverð sem notað var við breytingar á húsnæði Stjórnarráðsins á síðasta ári. Kostnaðarviðmiði þessu er eingöngu ætlað að nálgast sem best væntanleg útgjöld miðað við þær forsendur sem nú eru fyrir hendi hvað varðar hönnun og magnútreikning. Athygli er vakin á því að ekki er um eiginlega kostnaðaráætlun að ræða á þessu stigi

ferlisins, slík áætlun verður unnin þegar ákvarðanir samráðshóps um ráðuneytabreytingar liggja fyrir.

Kostnaðarviðmið vegna ofangreindra tillagna á þessu frumstigi getur numið á bilinu 125 til 225 m.kr., enda óvissuþættir og lausnarmöguleikar margir. Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn er viðbygging við Skúlagötu 4. Frávik á kostnaðarspönn geta verið nokkur til lækkunar eða hækkunar, sem dæmi um það þá nefnir Framkvæmdasýslan möguleika þar sem kostnaðarviðmið er á bilinu 157 til 182 m.kr. Þá skal þess jafnframt getið að umræddar lausnir taka mislangan tíma í framkvæmd.

Kostnaður við húsnæðisbreytingar sem þegar hefur verið farið í vegna stofnunar nýrra ráðuneyta.

Til samanburðar var kostnaður vegna breytinga sem áttu sér stað þegar innanríkisráðuneytið og velferðarráðuneytið voru stofnuð á síðasta ári 243,4 m.kr. og kostnaður við stofnun efnahags- og viðskiptaráðuneytisins árið 2009 nam 24,2 m.kr.